

Fundargerð stjórnar

82. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn 28. febrúar 2007 að Austurvegi 56, Selfossi, húsnæði SASS, á 3. hæð.

Mætt:

Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, Snæbjörn Sigurðsson, stjórnarmaður
Ólafur Leifsson, ritari stjórnar

Einnig mættu:

Ingvar Guðmundsson, form. Björgunarfélagi Árborgar, Stefán Helgason, varaform. Björgunarfélagi Árborgar, Margrét Sigurðardóttir, fulltrúaráðmaður
Ingvar Ingvarsson, fulltrúaráðmaður, Ari Thorarensen, fulltrúaráðmaður
Kristján Einarsson, sl.stjóri, Snorri Baldursson, varasl.stjóri, Karl Bergsson, rekstrarstjóri, Kristján Pétursson, varðstjóri BÁ, Grétar Árnason, varðstjóri BÁ
Bjarni Ingimarsson, sl.maður, Börkur Brynjarsson, verkfr.,
Sigurður Sigurjónsson, hrl.,
Ásta Stefánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)

Margrét K. Erlingsdóttir setti fundinn kl. 16:20 og bauð fundarmenn velkomna.

Margrét fór yfir stöðu mála varðandi byggingu húsnæðis fyrir slökkviliðið, björgunarmiðstöðvar við Árveg. Þarfagreining hafi gefið til kynna að slökkviliðið þyrfti 800 fermetra húsnæði. Í ferlinu hefði húsið stækkað og hlutur BÁ væri nú um 1200 fermetrar. Taka þurfi afstöðu til þess hvort BÁ geti tekið á leigu til 25 ára 1200 fermetra húsnæði. Fyrri stjórn BÁ hafi samþykkt að leigja 1050 fermetra húsnæði, en sveitarfélögin hafi ekki gefið formlegt samþykki fyrir því að aukið verði við fermetrafjölda.

Teikningar að húsinu hafi komið til umsagnar stjórnar í nóv/des s.l. og hafi ekki hlotið samþykki stjórnarinnar. Fundur þessi er til að gera Björgunarmiðstöð Árborgar ehf. formlega grein fyrir því að framangreind atriði, sem varða stærð hússins, séu ástæða þess að ekki hafi verið skrifað upp á teikningarnar og gengið frá leigusamningi.

Umræður urðu. Til máls tóku Ari Thorarensen, Kristján Einarsson, Ingvar Ingvarsson, Kristján Pétursson, Ingvar Guðmundsson, Börkur Brynjarsson, Stefán Helgason, Ólafur Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson, Margrét Sigurðardóttir, Bjarni Ingimarsson, Karl Bergsson.

M.a. var rætt um umferðargreiningu, húsgerð, húsnæðisþörf og hver næstu skref ættu að verða.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 17.15

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson,
Kristján Einarsson**